

3

III. *Sjóður af árgjöldum brauða.*

	Tekjur.	Kr.	Kr.
1. Sjóður við árslok 1887			2066,50
2. Vextir á árinu :			
a, af veðskuldabrejfi		74,40	
b, af ríkisskuldabrejfi		7,00	81,40
		Samtals	kr. 2147,90
	Gjöld.		
1. Úthlutað á synodus 1888 uppgjafaprestum og prestsekkjum			87,90
2. Sjóður við árslok 1888 :			
a, veðskuldabrejfi		1860,00	
b, ríkisskuldabrejfi		200,00	2060,00
		Samtals	kr. 2147,90

IV. *Sjóður fátækra ekkna í Norðurlandi, einkum Hegranesþingi.*

	Tekjur.		
1. Sjóður við árslok 1887			1628,75
2. Vextir á árinu :			
a, af veðskuldabrejfum		28,00	
b, af ríkisskuldabrejfi		11,04	
c, af innstæðu í landsbankanum		21,07	
d, ógreiddir vextir frá f. á.		12,00	72,11
3. Skuld til undirskrifaðs			8,96
		Samtals	kr(1709,82
	Gjöld.		
1. Úthlutað 2 fátækum ekkjum í Hegranesþingi			60,00
2. Móti tekjulíð 2 d færist til jafnaðar			12,00
3. Sjóður við árslok 1888 :			
a, veðskuldabref		1300,00	
b, ríkisskuldabrejfi		276,00	
c, innstæða í landsbankanum		61,82	1637,82
		Samtals	kr. 1709,82

Skrifstofu biskupsins yfir Íslandi, Reykjavík 3. janúar 1889.

P. Pjetursson.

4
12. jan. Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um svar h. h. konungsins upp á allraþegnsamlegast ávarp Reykjavíkurbúa út af 25 ára stjórnarafmæli h. h. konungsins.

Eptir að borið hefur verið upp fyrir hans hátign konunginum allraþegnsamlegast ávarp það frá Reykjavíkurbúum, er þjer, herra landshöfðingi, senduð hing-að með þóknanlegu brjefi yðar, dags. 20, okt. f. á., og þar sem þeir fyrir hönd sjálfra sín og í nafni annara landsmanna sinna bera fram allraþegnsamlegastar heillaóskir út af stjórnarafmæli hans hátignar konungsins, hefur hans hátign lagt fyrir mig, að tjá þeim, er ávarpið sendu, að hans hátign hafi verið einkar kært, að fá á stjórnarafmælisdeginum einnig þessa kveðju frá mönnum á Íslandi, og að hans hátign hafi með heitu og einlægu

þakklæti fundið til þeirrar hollustu og ástar til konungs og konungsettar, er ávarpið 4
lýsir. 12. jan.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að gjöra ofanskráð allrahæst svar kunnugt hlutaðeigendum.

Auglýsing

5

um póstmál.

Samkvæmt auglýsingu 3. maí 1872 og 9. grein auglýsingar um verksvið landshöfðingja 22. febr. 1875 hef jeg skipað svo fyrir að póstafræiðslan í Rangárvallasýslu skuli flutt frá Breiðabólstað í Fljótshlíð að Odda á Rangárvöllum.

Þetta auglýsist hjer með almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 19. jan. 1889.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturamtinu um borgun 6
fyrir athugasemdir á veðbrjef. 4. jan.

Með þóknanlegu brjefi 28. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer til úrlausnar erindi frá bæjarfógetanum í Reykjavík, þar sem hann beiðist leiðbeiningar amtsins og úrskurðar, út af því að landsbankastjórnin hefur neitað að greiða gjald í landssjóð fyrir athugasemdir er hann hefur gjört á 3 veðskuldabryfer til bankans, er þinglesin hafa verið á bæjarþingi Reykjavíkur, og hefur bankinn fært til þá ástæðu fyrir neitun sinni, að »öll hin umræddu veð (húseignir í Reykjavík) voru síðastliðið vor boðin upp til lúkningar hinum umræddu gömlu skuldum, sem þar með eru fallnar burtu« og hafi því verið þýðingarlaust að gjöra athugasemdirnar á hin nýju veðbrjef.

Fyrir því skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er yður samdóma um, að þar sem höpt þau á veðeignunum, sem athugasemdirnar ræða um, virðast enn vera óafmáð úr afsals- og veðmálalabókunum, og bæjarfógetanum ber eigi skylda til að afmá úr bókunum ex officio slík höpt, þó þau kunni að vera fallin burtu við sölu á nauðungaruppboði, þá hafi það verið skylda bæjarfógetans að gjöra hinar umræddu athugasemdir og heimta gjald fyrir þær til landssjóðs samkvæmt 31. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til kirkjubyggingar o. fl. 7
12. jan.

Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá settum prófasti í Rangárvallaþrófastsdæmi, sjera Kjartani Einarssyni í Holti, þar sem hann í fyrsta lagi fer fram á að jeg veiti sem fyrst leyfi til að kirkjan verði flutt frá Holti að jörðinni Ásólfsskála, og í öðru lagi